

Fjárlaganeftnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Fjárveiting til Samhjálpar vegna reksturs Hlaðgerðarkots árið 2024

Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal er elsta starfandi meðferðarstofnun á Íslandi og hefur starfað frá árinu 1974. Þar starfar þverfaglegt teymi með fjölbreytta menntun og reynslu, m.a. innan sálarfræði, stjórnunar, læknisfræði, hjúkrunarfræði auk fagmenntunar á sviði áfengis- og fíkniráðgjafar. Hlaðgerðarkot er mannað allan sólahringinn allt árið um kring.

Í Hlaðgerðarkoti er lögð áhersla á heimilislegt og hlýlegt viðmót og er virðing fyrir einstaklingum höfð að leiðarljósi. Þar er pláss fyrir 30 einstaklinga í meðferð, 22 karla og átta konur. Legudagar eru því 10.800 á ári miðað við fulla nýtingu. Til stendur að bæta við fjórum meðferðarplássum fyrir konur en ásókn hefur aukist töluvert meðal kvenna.

Það eru 500 nöfn á biðlista að komast í meðferð á Hlaðgerðarkoti og tæplega 100 einstaklingar minna á sig reglulega og eru á svokölluðum virkum biðlista. Neyðin er víða mikil og biðin eftir plássi getur verið dýrkept. Hlaðgerðarkot á í nánu samstarfi við Landspítala - háskólasjúkrahús, Fangelsismálastofnun og SÁÁ, auk samstarfs við félagsþjónustu og barnaverndarnefndir um allt land.

Meðferðarformið

Hlaðgerðarkot er meðferðarheimili þar sem áhersla er lögð á að skapa heimilislega stemmningu og hvetjandi umhverfi í því sveitaumhverfi sem Mosfellsdalurinn hefur að bjóða. Skjólstæðingar dvelja í Hlaðgerðarkoti í að minnsta kosti þrjá mánuði en lengur eftir atvikum.

Meðferðin í Hlaðgerðarkoti miðar að því að takast á við læknisfræðilega, sálfélagslega og félagslega þætti og byggja þannig upp langvarandi bata hjá einstaklingum sem oft hafa glímt við fíknisjúkdóma um langa hríð. Starfsteymið er þverfaglegt og skipað sérfræðingum eins og lækni, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, sálfræðingi og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum. Vaktfólk skiptir með sér kvöld, nætur og helgarvöktum svo meðferðarheimilið er mannað allan sólahringinn allan ársins hring.

Meðferðin byggir á hinu svokallaða Minnesota módeli þar sem er unnið í anda sporanna tólf á einstaklingsmiðaða vegu. Unnið er úr áföllum er upp koma í meðferð en allt starfsfólk Hlaðgerðarkots hefur hlotið þjálfun í afallamiðaðri nálgun á árinu undir leiðsögn brautryðjandans Stephanie Covington. Þeir sem koma í meðferð fá aðstoð við að takast á við streitu og tilfinningar sem reynast viðkomandi erfiðar. Samskipti, sjálfsmynd, meðvirkni og ábyrgð eru meðal þess sem skoðað er auk þess sem skjólstæðingar fá þjálfun og undirbúning í að fóta sig í lífinu án fíkniefna. Unnið er með langanir og þrár þegar kemur að framtíðinni og stuðningur veittur svo fólk geti fetað leiðina út á vinnumarkaðinn, þó stundum liggi leiðin á skólabekk til að byrja með. Í sumum tilvikum, þar sem einstaklingar hafa verið lengi í áfengis- eða vímefnaneyslu, getur leiðin til samfélagslegrar virkni reynst vandrötuð en þá er fólk i mætt með hlýhug og skilningi.

Framkvæmdir í Hlaðgerðarkoti og fjölgun meðferðarplássa að beiðni heilbrigðisráðherra

Framkvæmdir hafa staðið yfir í elsta hluta húsnæðisins í Hlaðgerðarkoti frá því síðla árs 2022 og allt árið 2023, en þar hafði lítið verið gert frá því Samhjálp festi kaup á húsinu árið 1974. Fljóttlega verður sá hluti tekinn í notkun á nýjan leik en hann hýsir nú þrjú ný rými fyrir hópmeðferð, eitt viðtalsherbergi, biðstofu, baðherbergi með aflokuðum sturturýmum og margnota rými, sem mun nýtast meðal annars til listsköpunar og tómstundaiðkunar ýmiss konar. Kostnaður við núverandi framkvæmdir nemur um 20 milljónum króna. Framkvæmdir þessar hafa verið fjármagnaðar alfarið með sjálfsaflafé Samhjálpar, gjöfum, afsláttum fagaðila og styrkjum góðgerðarfélaga.

Næst stendur til að klára miðrými elsta hluta hússins en þar verður hægt að **koma fyrir fjórum einstaklingsherbergjum** svo hægt verði að taka á móti fleiri konum í meðferð, eins og heilbrigðisráðherra hefur óskað eftir í samtali við Samhjálp. Óskað er eftir stuðningi fjárlaganeftndar við þær framkvæmdir en meðfylgjandi bréfi þessu er kostnaðaráætlun fyrir þær framkvæmdir sem ljóst er að fara þarf í.

Framþróun og áherslur árið 2024

Ljóst er að þörfin fyrir meðferð við fíknivanda er mikil og hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Meðferðin í Hlaðgerðarkoti hefur gefið góða raun. Sá hópur sem búið hefur á áfangaheimilinu Brú, þar sem framhaldsmeðferð hefur staðið í allt að tvö ár að lokinni meðferð, hefur náð einstökum árangri en um 80% íbúa hefur verið edrú tveimur árum eftir meðferð. Nú er ljóst að loka þarf Brú á fyrri hluta ársins 2024 þar sem Félagsbústaðir hafa sagt Samhjálp upp leighúsnaðinu sem hýst hefur starfsemina. Samhjálp vill gjarnan halda áfram að bjóða þjónustuna sem íbúar á Brú hafa notið en slíka þjónustu mætti veita í göngudeildarúrræði þar sem áhersla væri á **langtímaleðferð og eftirfylgni í kjölfar meðferðar í Hlaðgerðarkoti**. Til þess þarf þó fjármagn.

Biðlistinn í Hlaðgerðarkoti er langur og umfangið við utanumhald er töluvert. Nú stendur yfir vinna við að koma **umsóknum um pláss í Hlaðgerðarkoti á rafrænt form**. Þetta kemur til með að einfalda bæði umsækjendum og fagfólki (starfsfólk annarra meðferðartengdra stofnana sem sækja um fyrir hönd skjólstæðinga) umsóknarferlið og innsendingu ítrekana um umsókn. Þetta kemur einnig til með að einfalda starfsfólkí Hlaðgerðarkots úrvinnsluna og auðvelda samskipti við þá sem bíða eftir meðferðarplássi. Kostnaði við þetta er haldið í algjöru lágmarki en þó er ljóst að það kostar að hanna og hafa áskrift að rafrænu kerfi á borð við þetta. Þetta mun þó auðvelda alla umsýslu og utanumhald um biðlistann og auðvelda aðilum í heilbrigðisgeiranum samskipti við Samhjálp. Kerfið er að sjálfsögðu vistað samkvæmt ströngustu lögum og reglum um persónuvernd og mikil vinna verið lögð í að finna lausnir sem geta hentað okkar skjólstæðingum.

Til stendur að **ráða sálfræðing til starfa í Hlaðgerðarkot** sem mun hafa umsjón með biðlistanum og sjá um inntökuvíðtöl. Þetta er til samræmis við meðferðarstefnu Hlaðgerðarkots sem byggir á Hazelden módelinu og mun sálfræðingurinn meðal annars sinna sérhæfðri áfallavinnu og atferlismeðferð. Um nýtt stöðugildi er að ræða en ljóst að **fjölga þarf starfsfólkí nú þegar meðferðarrýmum fjölgar**. Til þess þarf fjármagn.

Stjórnendur í Hlaðgerðarkoti hafa notið leiðsagnar **erlendra sérfræðinga** á síðastliðnu ári, sem hafa bekkingu og reynslu af meðferðarstarfi á alþjóðavettvangi. Þetta hefur reynst ómetanlegt innlegg í faglegri þróun á meðferðinni. Við ætlum okkur að halda þessarri góðu vinnu áfram. Meðferðarstarf í landinu þarf að vera fjölbreytt og byggja á gagnreyndum aðferðum víða að úr heiminum og við í Hlaðgerðarkoti viljum leggja okkar af mörkum í því sambandi.

Við óskum eftir að fjárlaganefnd hækki framlagið til Samhjálpar fyrir rekstur Hlaðgerðarkots upp í 300 milljónir á árinu 2024.

Um Samhjálp

Starfsemi Samhjálpar spannar hálfu öld en samtökin voru sett á stofn formlega árið 1973. Markmið Samhjálpar hefur frá upphafi verið að standa með þeim sem eru á jaðri samfélagsins og glíma við félagslegar áskoranir sem oft má rekja til fíknivanda. Hver einstaklingur er dýrmætur og byggir Samhjálp á þeirri trú að allir eigi von um betra líf og geti gefið áfram til samfélagsins þegar bata er náð.

Samhjálp rekur auk meðferðarheimilisins Hlaðgerðarkots og eftirmeðferðar- og áfangaheimilisins Brúar, áfanga- og stuðningsheimili að Miklubraut í Reykjavík og Dalvegi í Kópavogi. Kaffistofa Samhjálpar var fyrst opnuð árið 1981 og er nú opin alla daga ársins. Þangað koma allt að 350 gestir daglega og þiggja kaffi, morgunverð og heitan mat í hádeginu. Á hverju ári gefur Samhjálp um 100 búsunum máltíðir en starfsemi Kaffistofunnar er að mestu leyti rekin með gjöfum og sjálfsaflafé, en að hluta til með stuðningi frá Reykjavíkurborg ásamt tilfallandi styrkjum.

Virðingarfyllst,

Edda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samhjálpar – edda@samhjalp.is s: 8992009

Elínros Líndal, forstöðumaður Hlaðgerðarkots - elinros@samhjalp.is s: 6920775